

Stofnanasamningur

SFR – stéttarfélags í almannapjónustu og Barnaverndarstofu

vegna meðferðarheimila sem rekin eru af stofunni

1 Gildissvið

Samningur þessi nær til þeirra starfsmanna meðferðarheimila sem njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi frá sem gildir frá 1. október 2015 milli SFR – stéttarfélags í almannapjónustu og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sbr. grein 11 í þeim samningi.

2 Markmið

Markmið samnings þessa er að styðja við starfsmannastefnu Barnaverndarstofu, sem liggur fyrir en yfirmarkmið hennar er að stuðla að því að stofnunin hafi ávallt á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki er vinnur af einurð að verkefnum stofnunarinnar og býr við starfsumhverfi sem skapar möguleika fyrir það að dafna og vaxa í starfi og samhæfa starf og fjölskyldulíf.

3 Grunnröðun

3.1 Forsendur grunnröðunar starfa

Störfum skal ráðað í launaflokka í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu, ábyrgð og umfang verkefna. Ákvörðun sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti er vísiregla gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.



3.2 Frekari forsendur röðunar

Launakerfi Barnaverndarstofu vegna starfa á meðferðarheimilum byggir á eftirfarandi flokkun starfa:

Starfsheiti	Starfslýsing	Grunnröðun
Matráður	Matseld fyrir skjólstæðinga og starfsfólk, þrif á eldhúsi og ábyrgð á rekstri eldhúss í samráði við næsta yfirmann	9
Ræsting	Starfsmaður sinnir daglegum þrifum og ræstingum skv. starfslýsingu og fyrirmælum forstöðumanns.	9
Næturvörður	Næturvörður sinnir gæslu og öryggisvörslu að kvöldi og næturlagi. Sinnir verkefnum undir leiðsögn hópstjóra og að auki móttöku unglunga á lokaðri deild.	10
Ráðgjafi I	Tekur þátt í daglegum störfum undir leiðsögn deildarstjóra, dagskrárstjóra og hópstóra. Hann þarf að geta unnið í teymi og skal tileinka sér þær verklagsreglur sem unnið er eftir á meðferðarheimilinu. Hefur tenglaskyldur og meðferðarábyrgð en vinnur undir leiðsögn reyndari starfsmanns á reynslutíma fyrstu 6 mánuði í starfi. Að auk þarf ráðgjafi I á meðferðardeild að taka þátt í meðferð og skal tileinka sér þá meðferðarnálgun sem unnið er eftir á meðferðarheimilinu. Að auki þarf ráðgjafi I á lokaðri deild að taka þátt í viðveru með unglungum á lokaðri deild, sinna upplýsingagjöf til forsjáraðila og barnaverndarnefnda.	9
Ráðgjafi II	Fellur undir sömu skilgreiningu og ráðgjafi I en þarf að geta unnið sjálfstætt.	10
Hópstjóri	Hópstjóri stýrir deild utan reglulegs vinnutíma dagskrárstjóra/deildarstjóra, þar með taldar tenglaskyldur við skjólstæðinga.	16
Dagskrárstjóri *	Hefur lokið BA/BS prófi í félagsráðgjöf, uppeldis- og menntunarfræðum, félagsfræði eða skyldri grein. Stjórnar dagskrá meðferðar eða eftir fylgdar á dagvinnutíma	25
Deildarstjóri*	Hefur lokið BA/BS prófi í félagsráðgjöf, uppeldis- og menntunarfræðum, félagsfræði eða skyldri grein. Ber ábyrgð á starfsemi og stjórn deildar með verkstjórn annarra starfsmanna	28

Grunnröðun starfs í ofangreindum launaflokkum er lágmarksröðun. Starfsmaður getur ráðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilgreindir eru í gr. 3.3 og 3.4.

***Í störfum dagskrárstjóra og deildarstjóra er gert ráð fyrir BA/BS prófi í grunnröðun starfs. Þeir starfsmenn sem ekki hafa slíka menntun raðast tveimur launaflokkum neðar.**

3.3 Starfsreynsla

Starfsreynsla hjá Barnaverndarstofu skal metin til hækkunar umfram grunnröðun, þannig að starfsmaður fær eitt álagsþrep eftir:

- 1 árs starf hjá stofnuninni
- 2 ára starf hjá stofnuninni
- 4 ára starf hjá stofnuninni
- 5 ára starf hjá stofnuninni
- 6 ára starf hjá stofnuninni

Þegar starfsmaður hefur störf hjá stofnuninni er heimilt að meta starfsreynslu annars staðar frá sem að mati forstjóra nýtist í starfi. Hámarksmat eru tvö álagsþrep.

Álag vegna 3.3. getur mest orðið 5 álagsþrep.

3.4 Viðbótarmenntun, hæfni og frammistaða

3.4.1 Starfsnám og símenntun

Stofnunin skal gefa starfsmönnum sínum kost á endur- og símenntun, eftir því sem aðstæður frekast leyfa. Endur- og símenntun skal metin til hækkunar skv. eftirfarandi:

3.4.1.1 Nám og þjálfun starfsmanna

- a) Nám sem að mati forstjóra nýtist í starfi, hækkun um allt að 2 launaflokka.
- b) Starfsmaður sem hlotið hefur réttindi sem ART leiðbeinandi og nýtir þau réttindi í starfi sínu skal fá það metið til hækkunar um einn launaflokk. Til að öðlast réttindi sem ART leiðbeinandi þarf starfsmaður að hafa lokið 54 klst. í bóklegu og verklegu námi, 18 viðurkenndum þjálfunartímum og hafa þreytt og staðist 3 verkleg próf.
- c) Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun fyrir störf á uppeldis- og meðferðarsviði skal hækka um launaflokka sem hér segir, þegar eftirfarandi tímalengd er náð:
 - eftir að 60-80 kennslustundum er náð, hækkun um 1 launaflokk.
 - eftir að 120-160 kennslustundum er náð, hækkun um 1 launaflokk til viðbótar.
 - eftir að 200-240 kennslustundum er náð, hækkun um 1 launaflokk til viðbótar.

Hækkun skv. 3.4.1.1. getur þó ekki orðið meiri en 3 launaflokkar.

3.4.1.2 Formleg menntun á háskólastigi

Meta skal sér- eða viðbótarmenntun sem ekki er metin annars staðar og sem að mati forstjóra nýtist í starfi hjá stofnuninni með eftirfarandi hætti.

- a) BA próf gefur hækkun um 2 launaflokka, þetta á ekki við um störf dagskrárstjóra og deildarstjóra þar sem þetta mat er þegar komið inn í grunnröðun.
- b) Meistarapróf skal metið til hækkunar um tvo launaflokka.
- c) Vegna framhaldsnáms við viðurkenndan skóla á háskólastigi eða sambærilega menntun sem nýtist í starfi. Miðað skal við að eins árs nám sem gefur a.m.k. 60 ECTS einingar verði til hækkunar um einn launaflokk.
- d) Vegna framhaldsnáms við viðurkenndan skóla á háskólastigi eða sambærilega menntun sem nýtist í starfi. Miðað skal við að tveggja ára nám sem gefur a.m.k. 120 ECTS einingar verði metið til hækkunar um tvo launaflokka.

PK
for
H
H
H

Hámarkshækkun vegna b – d liða í 3.4.1.2. eru 2 launaflokkar.

3.4.2 Hæfni og frammistaða

Forstjóri getur metið til hækkunar hæfni og frammistöðu starfsmanns. Þeir þættir sem koma til álita í slíku mati eru:

1. Framúrskarandi hæfni við þjónustu skjólstæðinga, fjölskyldur þeirra og aðra samstarfsaðila
2. Hefur sérstaka reynslu, sem ekki hefur verið tekið tillit til annars staðar og sem nýtist við störf hans hjá stofnuninni
3. Getur sinnt störfum á fleiri en einu af verksviði stofnunarinnar
4. Sýnir áhuga og frumkvæði í starfi, kemur með tillögur um starfið eða nýjar hugmyndir og sýnir nýjum verkefnum virkan áhuga.
5. Sýnir hæfni og frumkvæði til að vinna undir álagi, sem felur í sér líkamlega og andlega áhættu.
6. Hefur starfað samfellt hjá stofnunni í að lágmarki 10 ár og sú starfsreynsla hans þykir sérstaklega verðmæt.

Þessi atriði geta jafnframt verið metin til tímabundinnar hækkunar launa. Hámarkshækkun vegna ofangreinds eru 3 álagsþrep.

3.4.3 Álag vegna ábyrgðar á sérstöku umfangsmiklu verkefni.

Starfsmaður, sem forstjóri hefur falið tímabundna faglega og stjórnunarlega ábyrgð á sérstöku umfangsmiklu verkefni, skal fá greitt álag vegna þeirra starfa sem nemur tveimur launaflokkum. Álagið einskorðast við tímamörk verkefnisins sem um ræðir.

3.4.4 Hækkun umfram 8 þrep

Starfsmaður, sem hefur áunnið sér hækkun vegna þátta í liðum 3.3 og 3.4 umfram 8 álagsþrep, getur í eitt skipti færst í næstu launatölu næsta launaflokks fyrir ofan.

3.5 Sérstök tímabundin umbun

Heimilt er forstöðumanni að greiða umbun vegna sérverkefna, sérstakrar ábyrgðar eða sérstakra tímabundinna þátta sem ekki hafa áhrif á röðun starfs í launaflokk og ekki falla undir grein 3.4. Hámark umbunar er kr. 30.000.- á mánuði og greiðist hún meðan áhrif þessara þátta vara.

3.6 Starfsþróun og námsleyfi

Unnið er markvisst að starfsþróun hjá Barnaverndarstofu samkvæmt starfsmannastefnu og starfsþróunaráætlunum. Barnaverndarstofa skal gefa öllum starfsmönnum tækifæri til að viðhalda þekkingu og færni til að mæta framtíðarþörfum stofnunarinnar. Starfsmaður sem stundar sérnám eða sækir framhalds- og/eða endurmenntunarnámskeið með samþykki stofnunarinnar heldur reglubundnum launum samkvæmt grein 12.2.6. í gildandi kjarasamningi og fær greiddan ferða- og dvalarkostnað.

3.7 Vísinda og ritstörf

Vísindarannsóknir, ritstörf og fræðsla skulu metin með hliðsjón af fylgiskjali þessa samnings.



4 Samstarfsnefnd

Hlutverk samstarfsnefndar er skilgreint í kjarasamningi SFR. Samstarfsnefndin er kölluð saman á samningstíma vegna framkvæmdar samningsins ef aðilar telja nauðsyn bera til og annar hvor samningsaðili óskar þess.

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Skal ágreiningsmálum vísað til samstarfsnefndar.

Samstarfsnefnd skal alla jafna funda að lágmarki 2 á ári. Markmið þessa funda er að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað.

5 Gildistaka


Samningur þessi gildir frá 1. júní 2017. Með samningnum fellur úr gildi eldri stofnanasamningur Barnaverndarstofu vegna Meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglunga að Stuðlum og SFR-stéttarfélags í almannajónustu frá 2014.

6 Endurskoðun


Samkomulag þetta skal endurskoða samkvæmt ákvæðum 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra, eða þegar annar aðili óskar þess. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

Reykjavík, 31. maí 2017

f.h. Barnaverndarstofu


Þórunn Þorvaldsson
Audrun Sigmundsdóttir

f.h. SFR-stéttarfélags í almannajónustu


Steinar Einarsson
Gleimur Ólafur Einarsson

Fylgiskjal með stofnanasamningi

SFR fyrir hönd meðferðarheimila og Barnaverndarstofu

Það er sameiginlegur skilningur aðila að mikilvægt sé að ýta undir rannsóknarstörf, birtingu fræðilegra greina, fræðslu og að fylgst sé með nýjungum í greiningu og meðferð.

Ljúki starfsmaður umfangsmiklu verkefni, getur hann sótt um aukabókun, enda hafi honum sannanlega ekki verið greitt að fullu fyrir verkefnið með öðrum hætti og verkefnið er ekki hluti af hans aðalstarfi. Verkefnið skal vera á verksviði stofnunar og samræmast markmiðum hennar og vera unnið í samráði við forráðamenn hennar.

Beiðni um aukabókun skal beina til forstjóra. Ágreiningi um túlkun geta aðilar vísað til samstarfsnefndar. Nefndin afgreiði málið innan 4 vikna frá því að hún fékk beiðni um aukabókun til úrskurðar. Komist samstarfsnefndin ekki að niðurstöðu má vísa málinu til sáttanefndar skv. gr. 11.5. í samkomulagi því sem samningur aðila byggir á.

Full aukabókun skal miðast við launaflokk 36-5 í launatöflu SFR stéttarfélags í almannajónustu frá 1. mars 2014.

Við ákvörðun aukabókunar skal hafa hliðsjón af eftirfarandi verkefnaflokkum:

Ritverk:

Erlend fagrit (ritrýnd) 50-75%
(75% fyrsti eða annar höfundur, 50% aðrir)

Innlend fagrit (ritrýnd) 20-40%
(40% fyrsti eða annar höfundur, 20% aðrir)

Birting greina og bókakafla (ákvörðun ritstjórnar) 20- 30%
(30% fyrsti eða annar höfundur, 20% aðrir)

Kynningar á ritrýndum ráðstefnum 20-30%
(20% veggspjald, 30% erindi)

Rannsóknarskýrslur 30- 40%

Þróun og staðfærsla fræðsluefnis, námskeiða og mælitækja:

Þróun námskeiðs 30%

Þýðing og staðfærsla mælitækja 30%

Þýðing mælitækja 15%

Fræðsla út á við fyrir hönd Barnaverndarstofu varðandi annað en starfsemi og hlutverk stofunnar eða starfsstöðvar 10%

Með fagriti er átt við innlend og erlend vísindarit, sem birta ritgerðir og greinar einungis eftir sérfræðilega umfjöllun umsagnaraðila (ritrýnd).

Með rannsóknarskýrslu er átt við úttekt á þjónustu, afmörkuðum þáttum starfsemi, eða klínískum hópum, sem notuð er til ákvörðunar um skipulag þjónustu eða aðra þætti stofnunar.

Með þróun námskeiðs er átt við það t.d. þegar námskeið sem ætlað er að mæta tilteknum þörfum skjólstæðinga eða fagmanna er búið til frá grunni.

BÓKUN I

Aðilar eru sammála um að starfsmenn á Meðferðarheimilinu Lækjarbakka sem eru með lögheimili utan Rangárvallarsýslu skulu fá greidda 25 km. í ferðakostnað fyrir hverja vakt.

BÓKUN 2

Aðilar eru sammála um að Barnaverndarstofa skuli tilgreina stéttarfélagsaðild í auglýsingu lausra starfa eins og fram kemur í reglum nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum sem settar eru samkvæmt heimild í 2.mgr.7.gr. laga nr. 70/1996.

A collection of approximately six handwritten signatures in blue ink, located in the bottom right corner of the page. The signatures are stylized and vary in complexity, some appearing to be initials or full names.

